

124. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögu landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Miðneshrepp, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

29. júlí 1965.

Nr. 163.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu,
próf ökumanna o. fl.**

1. gr.

2. töluliður 4. gr. orðist svo:

Heyrn. Að hann hafi heyrn svo góða, að hann heyri án heyrnartækja orð töluð venjulegum rómi í 4 m fjarlægð.

Nú stentz umsækjandi heyrnarpróf með heyrnartæki, sem hann notar að jafnaði, og er þá heimilt að leyfa honum próftöku, enda noti hann heyrnartækið við akstur. Ef umsækjandi óskar, má þó gefa út ökuskírteini til hans með sömu skilyrðum og þegar umsækjandi stentz ekki heyrnarpróf.

Nú stentz umsækjandi ekki heyrnarpróf, og er þá heimilt að gefa út ökuskírteini til hans, enda sé bifhjól eða bifreið sem hann ekur, búð hliðarspeglum á báðum hliðum. Eigi er þörf aukaspegla á dráttarvél.

Ákvæði 2. og 3 mgr. gilda eigi um próf til aksturs leigubifreiða til mannflutninga eða fólksbifreiða fyrir fleiri en 16 farþega.

2. gr.

42. gr. orðist svo:

Heimild til aksturs dráttarvéla eða reiðhjóla með hjálparvél skal rituð á bakhlið nafnskírteinis, svo hljóðandi: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél, eða: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra reiðhjóli með hjálparvél, eða: Skírteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og reiðhjóli með hjálparvél. Á nafnskírteini, sem ber áritun þessa, skal vera mynd skírteinishafa. Áritunin skal vera dagsett og undirrituð af lögreglustjóra.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1965.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.